

Fjárfestingarstefna Styrktarsjóða Háskóla Íslands var fyrst sett fram af stjórn sjóðanna í október 2002. Henni var breytt 25. janúar 2005 og hún síðan leiðrétt í apríl 2006. Í janúar 2008 var binditíma skuldabréfa breytt og bætt við ákvæði um gengisvarnir. Í lok árs 2009 var fjárfestingarstefnan endurmetin í samræmi við stöðu á fjármálamörkuðum eftir bankahrunið. Breytingarnar voru gerðar í janúar 2010. Í lok árs 2012 var óskað eftir breytingartillögum frá Íslandsbanka, sem fer með fjárvörslu Styrktarsjóðanna. Tillögurnar voru kynntar fyrir stjórn Styrktarsjóðanna 6. febrúar 2013 og breytingarnar voru gerðar í mars 2013. Í byrjun árs 2016 lögðu fulltrúar Íslandsbanka fram tvær tillögur að breytingum á fjárfestingarstefnu Styrktarsjóða HÍ. Tillögurnar voru ræddar á 76. stjórnarfund 7. júní og var fyrri tillagan um breytingar samþykkt. Breytingarnar voru gerðar í júlí 2016 og kynntar háskólaráði í september 2016.

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands

Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna fyrir Styrktarsjóði Háskóla Íslands var fyrst samþykkt á fundi stjórnar styrktarsjóðanna 22. október 2002. Breytingar voru samþykktar á fundi stjórnar sjóðanna 25. janúar 2005. Breytingarnar sneru í fyrsta lagi að hámarki og lágmarki virkrar og óvirkar stýringar og í öðru lagi að viðmiðunarhlutfalli innlendra skuldabréfa og lausafjár. Á 33. fundi stjórnar, 25. apríl 2006, samþykkti stjórnin að gera breytingar á viðmiðunarhlutfalli vegna hlutabréfa. Á 38. stjórnarfund 24. janúar 2008 var ákveðið að lengja meðalgildistíma skuldabréfa í 0–8 ár, í stað 2–8, en viðmiðið verður eftir sem áður 5 ár. Á 48. stjórnarfund, þann 16. nóvember 2009, var bætt við skýringum á þann veg að bankainnstæður teljist hluti skuldabréfa. Hámark innlána skal þó minnst nema 50% af eign í skuldabréfum. Ríkisskuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins skulu ekki vega minna en 60% af eign í skuldabréfum og skuldabréf með ábyrgð ríkisins, lánasjóðs sveitarfélaga eða einstakra íslenskra sveitarfélaga ekki minna en 70%. Viðmiðunarhlutfall innlendra skuldabréfa hækkar úr 60% í 75%, og skulu þau vera 90% að hámarki af safninu og að lágmarki 60%. Hlutfall erlendra skuldabréfa í safninu helst óbreytt 0%. Viðmiðunarhlutfall innlendra hlutabréfa breytist töluvert; miðað var við að það væri 10% en það lækkar nú í 2%, þannig að innlend hlutabréf séu 5% að hámarki af safninu en lágmark er 0%. Viðmiðunarhlutfall erlendra hlutabréfa fer úr 30% í 23%, og skulu þau vera 35% að hámarki af safninu og að lágmarki 10%. Í ljósi aðstæðna hefur arðsemiskrafa safnsins og áhætta verið lækkuð. Önnur viðmið voru í gildi fyrir fjárvörsluðila sjóðanna, þ.e. Íslandsbanka, og þá fjármuni sem hann hefur í sinni umsjón, sjá viðauka nr. 1 – Forsendur og umræðupunktur vegna fjárfestingarstefnu þann 16.11.09, sbr. fundargerð 48. stjórnarfundar. Á 61. stjórnarfund, þann 29. nóvember 2012, voru enn á ný samþykktar tillögur um breytingar á fjárfestingarstefnu. Viðmiðunarhlutfall erlendra hlutabréfa lækkar úr 30% niður í 25%. Viðmið fyrir innlend hlutabréf hækkar úr 0% í 5% og hámark þeirra er 10% af safninu. Á 62. stjórnarfund, þann 6. febrúar 2013, voru síðan enn frekari breytingar samþykktar. Viðmið langtímarauðvöxtunar (áður arðsemiskrafa, raunávöxtun) lækkar í 3,5% úr 4%. Viðmiðunarhlutfall innlendra skuldabréfa lækkar í 70%, með 85% að hámarki og 55% að lágmarki. Viðmiðunarhlutfall innlendra hlutabréfa hækkar í 5% með hámark 10%. Hlutfall erlendra hlutabréfa lækkar í 25% með sama hámark 35%. Ný tafla með ávöxtunarviðmiðum hefur tekið gildi.

Á 75. stjórnarfund Styrktarsjóða HÍ, sem fór fram 23. febrúar 2016, lögðu fulltrúar Íslandsbanka fram tvær mögulegar tillögur að breytingum á fjárfestingarstefnu sjóðanna. Tillögurnar voru ræddar á 76. stjórnarfund þann 7. júní og samþykkti stjórnin tillögu nr. 1. Tillagan felur í sér eftirfarandi:

- Hlutfall innlendra skuldabréfa lækki úr 70% í 65% og skýrari fjárfestingarheimildir í ákveðnum skuldabréfaflokkum með vikiðum. Í núgildandi stefnu er eingöngu tilgreint að hlutfall skuldabréfa skuli vera 70% með vikiðum hámark 85% og lágmark 55%.

- Skilgreindar eru heimildir í ríkisskuldabréfum, skuldabréfum sveitarfélaga, sértryggðum skuldabréfum fjármálastofnana og öðrum skuldabréfum. Í þessari tillögu er miðað við að sértryggð skuldabréf vegi 20% af eignasafni.
- Jafnframt tillaga um að hlutfall innlendra hlutabréfa hækki úr 5% í 10%.

1. Fjárfestingarstefna

Markmið Styrktarsjóða Háskóla Íslands er að ávaxta fjármuni styrktarsjóðanna á hagkvæman hátt og tryggja þeim bestu ávöxtun miðað við áhættu eins og hún er skilgreind með flökki ársávöxtunar.

Fjárfestingarstefna safnsins tekur mið af eðli sjóðanna sem langtímafjárfestis með mjög hóflegum útgreiðslum.

Fjármunir sjóðanna skulu ávaxtaðir með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma hvað varðar ávöxtun og áhættu. Fjárfestingarstefna þessi gildir fyrir Styrktarsjóði Háskóla Íslands sem heild en í gildi er sérstök fjárfestingarstefna fyrir fjárvörsluaðila sjóðanna, þ.e. Íslandsbanka, og þá fjármuni sem hann hefur í sinni umsjón, sjá viðauka nr. 1 – Forsendur og umræðupunktur vegna fjárfestingarstefnu þann 16.11.09 sbr. fundargerð 48. stjórnarfundar. Sérstök fjárfestingarstefna frá árinu 2010, sem var í gildi fyrir fjárvörsluaðilann, sbr. viðauka nr. 1 dags. 16.11.09, samþ. á 48. stjórnarfund 2009, er ekki lengur í gildi.

2. Kennitölur og viðmið

Kennitölur og viðmið í fjárfestingarstefnu fyrir Styrktarsjóði Háskóla Íslands				
		Hlutfall	Hámark	Lágmark
Ávöxtunartími	+20 ár			
Langtímarauðávöxtun	3,5%			
Áhætta, flökt ávöxtunar	3%			
Fjárfestingarstefna				
Innlend skuldabréf		65%	85%	50%
- Innlán		0%	30%	0%
- Ríkistryggð skuldabréf		35%	85%	25%
- Skuldabréf sveitarfélaga		5%	15%	0%
- Sértryggð skuldabr. fjármálastofn.		20%	30%	0%
- Önnur skuldabréf		5%	15%	0%
Erlend skuldabréf		0%	15%	0%
Innlend hlutabréf		10%	20%	0%
Erlend hlutabréf		25%	35%	15%
Eignastýringaraðferð				
Virk stýring		50%	60%	0%
Hlutlaus stýring		50%	100%	0%
Ávöxtunarviðmið				
Innlend skuldabréf, viðmið			Auðkenni	Vægi
Skuldabréfavísitala, 3 mánaða óverðtryggð			OMXI3MINI	10%
Skuldabréfavísitala, 1 árs óverðtryggð			OMXI1YNI	10%
Skuldabréfavísitala, 5 ára verðtryggð			OMXI5YI	20%
Skuldabréfavísitala, 5 ára óverðtryggð			OMXI5YNI	20%
Skuldabréfavísitala, 10 ára óverðtryggð			OMXI10YNI	20%
Skuldabréfavísitala, 10 ára verðtryggð			OMXI10YI	20%
Skuldabréfavísitölur samtals				100%
Samsett skuldabréfavísitala vegur				65%
Innlend hlutabréf			OMXI8GIISK	10%
Heimsvísitala hlutabréfa – MSCI World Free – Total Return – ISK			MSCI TR	25%
Erlend skuldabréf – JP Morgan Government Bond Index – Total Return – ISK			JPMGGLBL	0%

Fjárvörsluaðila er ætlað að ná ávöxtun umfram viðmiðunarvísitölur með virkri stýringu sem hér segir:

- Meðaltími skuldabréfa skal vera 0–8 ár.
 - Skuldabréf skulu vera skráð í Kauphöll Íslands eða á sambærilegum erlendum verðbréfamarkaði.
 - Óheimilt er að fjárfesta í óskráðum skuldabréfum, s.s. fasteignaveðbréfum, víxlum eða öðrum óskráðum bréfum.
 - Heimilt er að fjárfesta í verðbréfasjóðum sem fjárfesta í fyrirtækjaskuldabréfum en slík eign skal ekki veða meira en 30% af skuldabréfaeigninni. Þetta á þó ekki við um þá sjóði sem fjárfesta í sértryggðum skuldabréfum fjármálastofnana.
 - Bankainnstæður eru taldar með skuldabréfum en hlutdeild bankainnstæðna skal ekki nema hærra hlutfalli en 30% af skuldabréfum.
 - Skuldabréf, innlend og erlend, skulu ekki nema lægra hlutfalli en 50% af eignum og skuldabréf með ábyrgð ríkisins, lánasjóðs sveitarfélaga eða einstakra íslenskra sveitarfélaga ekki minna en 25%.
- Innlend hlutabréf skulu vera skráð í Kauphöll Íslands. Þó er heimilt að safnið eigi í innlendum hlutabréfasjóðum (hlutdeildarskírteini) sem hafa fjárfestingarheimild til að vera með 0%–30% í óskráðum hlutabréfum.
- Erlend hlutabréf skulu skráð í erlendum kauphöllum innan OECD.
- Heimilt er að fjárfesta í stökum hlutabréfum en eitt einstakt félag skal aldrei veða meira en 10% af heildarvægi viðkomandi flokks.
- Engin ein fjárfesting skal veða meira en 15% af safninu í heild að undanskildum skuldabréfum með ábyrgð íslenska ríkisins og verðbréfasjóðum sem fjárfesta eingöngu í slíkum bréfum. Skilgreina skal þessa takmörkun þröngt. Hér skal ein eign flokkast sem einn sjóður, einn útgefandi að skuldabréfaflokkum eða einn aðili sem gefur út skuldabréf ef Styrktarsjóðir Háskóla Íslands eru jafnframt eigendur að hlutabréfunum. Skuldaraáhætta skal þannig ekki nema meira en 15% af safninu í heild.
- Ávöxtun safnsins reiknast í ISK.

3. Viðmiðun

Viðmiðun safnsins er samsett í fyrrgreindum vísitölum eins og þær reiknast í ISK.

4. Uppgjör og upplýsingagjöf

Ávöxtun Styrktarsjóða Háskólans skal reiknuð mánaðarlega, sem og ávöxtun viðmiðunarvísitalna. Upplýsingar um verðmæti eigna og eignasamsetningu skulu vera aðgengilegar á Netinu með aðgangsstýringu. Ársfjórðungslega skal stjórn sent uppgjör með sundurliðun á ávöxtun og samanburði við viðmið.

5. Árangursmat

Í árslok ber fjárvörsluaðili ávöxtun og áhættu saman við viðmið fyrir undangengið ár og undangengin ár. Fjárvörsluaðili leggur mat á hvort hann telji að tilgangi virkrar stýringar hafi verið náð og hvort virk áhætta hafi skilað viðunandi virkri ávöxtun miðað við fjárfestingarstefnu. Árlega skal eign verðbréfasjóða flokkuð í undirliggjandi eignir og greining afhent stjórn. Slíkri samantekt skal skila til stjórnar Styrktarsjóðanna árlega fyrir janúarlok.

6. Endurmat á fjárfestingarstefnu

Stjórn styrktarsjóða Háskóla Íslands endurmetur fjárfestingarstefnu sjóðanna árlega í ljósi árangurs fjárvörsluaðila og stöðu á fjármálamörkuðum.

Samkomulag milli Styrktarsjóða Háskóla Íslands og fjárvörsluaðila skal vera ótímabundið með tveggja vikna uppsagnarfresti af beggja hálfu.